

30. apríl 1980.

369

Nr. 226.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir eftirlitsstörf Öryggiseftirlits ríkisins
nr. 103 31. janúar 1980.

1. gr.

Samkvæmt 5. gr. gjaldskrárinnar hefur verið ákveðið að hækka gjöld samkvæmt gjaldskránni um 20%.

2. gr.

1. Í 5. flokk, staflíð D. 1. gr. gjaldskrárinnar falli niður „málmbraðsluker með hreyfibúnaði“, en við bætist: málmbraðsluker, málmhúðunarker og málmhersluker.
2. Í 6. flokk, staflíð D, 1. gr. bætist við: rafgreiningaker.
3. Í 8. flokk, staflíð D, 1. gr. bætist við: málmulnings og sigtunarsamstæður, rafbraðsluofnar, gjald fyrir hvert MW.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, 47. gr., sbr. 1. nr. 52/1955 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. apríl 1980.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

29. apríl 1980.

Nr. 227.

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

- | | |
|--|------------|
| 1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga | kr. 30 000 |
| 2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma | kr. 10 000 |
| 3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði | — 10 000 |
| 4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) | — 10 000 |
| 5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum | — 1 500 |
| 6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar | — 13 500 |

B 47